

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um hleðslumerki skipa.

Hinn 12. maí 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna bókunar við alþjóðasamning um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966, sem gerð var í London 11. nóvember 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1970 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 12. ágúst 2000.

Bókunin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.